

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/734
komudagur 4.12.2007



Til Heilbrigðisnefndar Alþingis
b.t. Þórunnar Maríu Bjarkardóttur nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík.

3. desember 2007

Efni: Umsögn um 37. mál, frv. t. l. um lyfjalög, sala nikótínlyfja

Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Við erum hlynnt efni frumvarpsins og leggjum til að það verði samþykkt í þeirri von að það hjálpi einstaklingum að hætta að reykja.

Hins vegar viljum við jafnframt minna á að skiptar skoðanir eru meðal sérfræðinga um notkun slíkra nikótínlyfja og ýmsir telja að varasamt geti verið að venjast nikótínlyfjum um of þannig að neysla nikótíns haldi áfram með lyfjum eftir að reykingum er hætt. Því skiptir miklu máli að gott aðgengi sé að leiðbeiningum og upplýsingum um slík lyf og notkun þeirra þar sem þeim er dreift.

Með vinsemd og bestu kveðjum,


Guðrún Agnarsdóttir

forstjóri Krabbameinsfélags Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík
S: 540 1900
www.krabbameinsfelagid.is